

Sveitarstjóri Dalir

From: Sveitarstjóri Dalir
Sent: þriðjudagur, 22. maí 2018 09:46
To: postur@anr.is
Subject: 1805023 - Laugar í Sælingsdal - Jarðhiti - forkaupsréttur
Attachments: 1966 Jarðhiti.pdf; 1995 Laugar 50_prosent.pdf; 2004_ISOR_s_hv_an_mynda.pdf
One: -1



Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur stefnt að því að reisa íþróttamannvirki við Auðarskóla í Búðardal, íþróttahús og sundlaug og að selja eignir til að létta undir með fjármögnun framkvæmdarinnar.

Dalabyggð á 50% hlut í jörðinni Laugar, öll mannvirki og jarðhitaréttindi sbr. meðfylgjandi samning frá árinu 1966. Nú hefur sveitarstjórn til afgreiðslu tilboð í allar eignir Dalabyggðar á Laugum þ.m.t. jarðhitaréttindin.

Í 2. mgr. 12. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu kemur eftirfarandi fram:

„Um sölu jarða, er jarðhitaréttindi fylgja, fer eftir ákvæðum jarðalaga, þó þannig að ríkissjóður skal hafa forkaupsrétt að þeim aðilum frágengnum sem hann er veittur með þeim lögum eða við sölu jarðar frá sveitarfélagi.“

Heitt vatn hefur í einhverju mæli náð til yfirborðs á Laugum um aldir en fyrsta borun mun hafa átt sér stað árið 1964 eins og fram kemur í meðfylgjandi skýrslu ÍSOR frá árinu 2004 en þá var verið að velta fyrir sér frekari nýtingu á vatninu. Heita vatnið hefur eingöngu verið nýtt til upphitunar mannvirkja á Laugum, skóla, hótels og sundlaugar. Vatnið hefur nægt til þess en þó ber við að sundlaug sé lokað á köldum dögum.

Hitaveita var lögð í Búðardal um árið 2000. Þá leiddu niðurstöður rannsókna til þess að ákveðið var að sækja vatnið í Reykjadal í um 23 km fjarlægð frá Búðadal meðan aðveitulögn frá Laugum væri um 18 km löng eða um 5 km styttri. Þetta mun hafa verið vegna þess að óvíst þótti um niðurstöður frekari borana á Laugum og jafnvel hætta á að eyðileggingu núverandi borholna án vissu um árangur af nýjum borunum.

Af þessu má ætla að hitaveitan á Laugum muni fyrst og fremst nýtast núverandi mannvirkjum og jafnvel einhverjum viðbyggingum með bættri nýtingu. Sá sem tekur að sér rekstur hitaveitu ber ábyrgð á að ávallt sé nægt vatn til staðar. Áætlað hefur verið að hægt væri að selja heitt vatn fyrir 6-7 millj. kr. á ári. Ný borhola kostar varla undir 100 millj. kr. og 150 – 200 millj. kr. er líklegra. Ekki er víst um árangur eins og fram hefur komið. Þetta getur verið ágætur rekstur þar til kemur að endurnýjum borholna.

Það er því vandséð að það sé í þágu hagsmuna almennings að hitaveitan verði áfram í eigu opinberra aðila, sveitarfélags eða ríkis.

Í tilboðinu sem um ræðir er eignirnar sem um ræðir þannig verðlagðar:

| | |
|---|-------------------|
| Jörðin Laugar (50%) ásamt sumarhúsalóðum | 20.000.000 |
| Skólalóðin ásamt jarðhitaréttindum og hitaveitu | 45.000.000 |
| Samtals | 65.000.000 |

Mun ríkissjóður nýta sér forkaupsrétt með tilvísun í lög nr. 57/1998?

Óskað er svars eins fljótt og mögulegt er.

Með kveðju,
Sveinn Pálsson
Sveitarstjóri Dalabyggðar
Miðbraut 11, 370 Búðardal.
sími: 430 4700
netfang: sveitarstjori@dalir.is
veffang: www.dalir.is

Fyrirvari:

Þessi tölvupóstur getur innihaldið trúnaðarupplýsingar og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á.

Öll önnur notkun er óheimil og vísast til 47. og 74. gr. Laga nr 81/2003.

Disclaimer:

This e-mail may contain confidential information only intended for the addressee.

Please notify the sender if you have received this e-mail by mistake
